



Alþingi - Fjárlaganefnd  
v/Austurvöll  
150 REYKJAVÍK

Akureyri, 17. september 2026  
2026097200 / 01-301

## Efni: Fjárlög ríkisins 2027

Bæjarstjórn hefur á fundi sínum þann 15. september 2026 gert eftirfarandi bókun:

Umræða um fjárlagafrumvarp fyrir 2027.

Málshefjandi er Gunnar Már Gunnarsson.

Til máls tóku Sunna Hlín Jóhannesdóttir, Sindri S. Kristjánsson, Þórhallur Jónsson og Berglind Ósk Guðmundsdóttir.

*Bæjarstjórn Akureyrarbæjar bókar eftirfarandi:*

*Þegar rýnt er í frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2027 má finna ýmis jákvæð teikn fyrir Akureyrarbæ og nærsvæði. Þar má m.a. nefna fjármagn til stækkunar verkmenntaskóla, tryggt fjármagn fyrir framkvæmdir við nýja legudeild SAK, hækkun menningarsamningsins og bætt rekstrarskilyrði fyrir Háskólann á Akureyri.*

*Fjölmörg verkefni eru sameiginleg ábyrgð ríkis og bæjar. Bæjarstjórn Akureyrar vill því minna á mikilvægi þess að nægt fjármagn fylgi þeim verkefnum sem sett eru í hendur sveitarfélaga. Enn er gap milli tekna og gjalda þegar kemur að málaflokki fatlaðs fólks, og nauðsynlegt að fjármagna betur bæði þjónustu og búsetuúrræði. Þá er ljóst að innleiðingu laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna er ekki lokið, og því er áfram brýnt að framkvæmdavaldið fylgi verkefninu vel eftir. Jafnframt þarf ríkið að standa við skuldbindingar sínar um fjármögnun þjónustu við öll börn með fjölþættan vanda.*

*Bæjarstjórn fagnar boðaðri fjárfestingu í innviðum sveitarfélaga er varða varnar- og öryggismál. Ýmsir innviðir sveitarfélagsins varða beinlínis þjóðaröryggi og ættu að falla undir alþjóðlegar skuldbindingar þegar kemur að útgjöldum til varnartengdra verkefna. Þá eru ýmis tækifæri fyrir ný verkefni, bæði hvað varðar innviðauppbyggingu og þjónustu.*

*Áframhaldandi efling alþjóðlegrar fluggáttar á Akureyri er ein mikilvægasta efnahagslega aðgerðin sem stjórnvöld geta ráðist í, og myndi auka verðmætasköpun á svæðinu og skapa hér skilyrði fyrir enn fjölbreyttara atvinnulíf. Bæjarstjórn Akureyrarbæjar ítrekar því áskorun sveitarfélaga landshlutans, þess efnis að rekstri, uppbyggingu og markaðssetningu Akureyrarflugvallar verði komið fyrir hjá sérstakri stjórn eða félagi. Markmið slíkrar aðgerðar*

er að tryggja áframhaldandi uppbyggingu flugvallarins og að hann sé kynntur sem ein af gáttum Íslands.

Að endingu: Bæjarstjórn Akureyrarbæjar hvetur stjórnvöld eindregið til þess að skera ekki niður fjármagn til Sóknaráætlana landshlutanna, enda kemur niðurskurður niður á verkefnum sem styðja með beinum hætti við atvinnuþróun og menningarlíf í landshlutanum.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,  
fyrir hönd bæjarstjóra

Fanney H. Kristjánsdóttir



Fanney Hólmfríður Kristjánsdóttir  
sérfræðingur í skjalamálum